

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skagafirði.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi. Nestún, suðurhluti, og Nestún, norðurhluti, á Sauðárkróki.

Sveitarstjórn Skagafjarðar samþykkti á 14. fundi sínum 7. júní 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi Nestúns, suðurhluta, og deiliskipulagi Nestúns, norðurhluta, á Sauðárkróki. Breytingarnar eru settar fram á sameiginlegu breytingarblaði þar sem fram koma breytingar á skilmálum um þakgerðir í greinargerðum og skipulagsuppdráttum. Breytingarnar hafa hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skagafirði, 3. júlí 2023.

Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 19. júlí 2023